

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Jófríðarstaði-Skuld, Birkihvamm 2 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gerðir eru sérskilmálar fyrir Birkihvamm 2 sem heimila aukið byggingarmagn á lóðinni.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 23. mars 2004 samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Hafnarfirði, 30. mars 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Austurbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Austurbyggð sbr. 2. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 7.750 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Austurbyggð sbr. 8. gr. stafl. b samþykktu um hunda- og kattahald í Austurbyggð er 5.850 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Austurbyggðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að taka gildi nú þegar.

Framangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Austurbyggðar, þann 23. október 2003.

Fáskrúðsfirði, 30. mars 2004.

F.h. sveitarstjórnar Austurbyggðar,
Steinþór Pétursson sveitarstjóri.